

Fundargerð 7. fundar starfshóps um skóla í Skarðshlíð

Fundardagur: 25. október 2016
Fundarupphaf: Kl. 17.15
Staðsetning: Bæjarráðssalur

Mætt: Adda María, Einar Birkir, Fanney, Jenný, Lars, Rósa, Sigurður, Skarphéðinn, Stefán og Vigfús. Sigrún boðar forföll.

1. mál: **Skólahverfi á Völlum og annar undirbúningur.**

Fanney, Lars og Sigurður kynntu tillögu að skólahverfaskiptingu. Vellir 6 fylgja Skarðshlíð en lagt til að Vellir 5B verði hluti nýja hverfsins. Umræða um tillöguna.

Starfshópurinn leggur til að Vellir 5B og Vellir 6 verði í nýju skólahverfi og frá hausti 2017 verði öll börn í 1.-4. bekk í þessum hverfum í nýja skólanum. Einnig að fyrsta starfsár nýs skóla, 2017-2018, verði í nýju safnaðarheimili á Kirkjuvöllum.

Umræður um skólaakstur og útfærslu hans. Rætt að biðstöðvar verði 2-3 eftir þörfum og að fyllstu öryggissjónarmiða verði gætt við gerð þeirra. Lögð áhersla á að skólaliði verði til aðstoðar í hverri rútu. Börn fái akstur til og frá skóla en nánari útfærsla verði í höndum skólastjóra og bæjaryfirvalda.

Ákveðið að undirbúningur framkvæmda við skóla í Skarðshlíð fari á fullt núna og leitað verði til utanaðkomandi aðila, t.d. verkfræðistofu, að annast útfærslu á útboðsgögnum vegna alútboðs. Einnig að sett verði á laggirnar sérstök nefnd vegna framkvæmdarinnar með fagfólki á ýmsum sviðum, þ.e. bæði um byggingu og fagstarf nýja skólans.

Umræða um kynningu á íbúafundi í Hraunvallaskóla fimmtudaginn 27. október.

Fundarslit kl. 18.20.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson.